



Skipulagsfullrúi Dalabyggð, Strandabyggð, Reykhólahreppi, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi
Bt. Þórður Már Sigfússon
Miðbraut 11
370 Búðardal

Gunnarsholti 18. 1. 2021

Efni: Umsögn um breytingu á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 vegna vindorkuvers á Sólheimum

Landgræðslunni barst til umsagnar tillaga að breytingu Aðalskipulags Dalabyggðar 2004-2016 vegna vindorkuvers á Sólheimum. Landgræðslan hefur kynnt sér tillöguna og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að gróðurvernd, stöðvun jarðvegseyðingar og uppgræðslu eyðra og vangróinna landa, og varna gegn landbroti.

Landgræðslan beinir þeim tilmælum að við framkvæmdir verði leitast við að lágmarka rask á jarðvegi og gróðri. Einnig að gróðurtorfur sem til falla séu lagðar til hliðar og þær nýttar til lagfæringa eftir rask. Jafnframt að leitast verði við valda sem minnstu raski á votlendi og minnt á að votlendi nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Þá hvetur Landgræðslan framkvæmdaðila til þess að græða upp land í samræmi við það land sem fer undir mannvirki og námuvinnslu og helst bæta um betur.

Landgræðslan gerir ekki athugasemdir við tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 vegna vindorkuvers á Sólheimum en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f. h. Landgræðslunnar

Davíð Arnar Stefánsson,
sérfræðingur